

Matvælaráðuneytið

mar@mar.is

Ísafirði 15. mars 2022

Umsögn: Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla, mál nr. S 49/2022 birt í Samráðsgátt 28.02.2022

Vestfjarðastofa lýsir ánægju með skýrt verkag og heildstæða nálgun viðfangsefnisins sem birtist í greinargerð matvælaráðuneytis þar sem áherslum og fyrirhuguðu verklagi matvælaráðherra við stefnumótun á sviði matvæla á kjörtímabilinu er lýst.

Sjávarútvegsstefna

Í ljósi mikilvægis sjávarútvegs fyrir atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum telur Vestfjarðastofa mikilvægt að sveitarfélög og eða fyrirtæki á Vestfjörðum eigi fulltrúa í boðaðri sjávarútvegsnefnd matvælaráðherra sem móta á nýja sjávarútvegsstefnu.

Vestfjarðastofa hefur jafnframt á að skipa sérfræðingum með áralanga reynslu af sjávarútvegi og áhrifum hans á samfélög sem fúslega koma að vinnu starfshópa sem ráðherra hyggst skipa.

Vestfjarðastofa bendir á að mikilvægt er að í stefnunni sé fjallað sérstaklega um menntun í sjávarútvegi sem er lykillinn að tækni og nýsköpun þó svo að starfshópur 2 um aðgengi komi inn á þann þátt undir liðnum ”kynslóðaskipti og nýliðun”.

Landbúnaðarstefna

Lýst er ánægju með að fyrirbyggjandi tillaga að landbúnaðarstefnu talar vel inn í þá þætti sem áhersla hefur verið lögð á að byggja upp á Vestfjörðum svo sem þróun afurða til að selja beint frá býli og að styðja við búsetu í sveitum. Lífræn ræktun, skógrækt og ræktun nýrra tegunda talar jafnframt vel inn í landbúnað á Vestfjörðum.

Mikla áherslu þarf að leggja á að samkeppnisstaða smærri aðila sé sanngjörn þannig að eðlileg nýsköpun og þróun geti átt sér stað á sviði landbúnaðarafurða. Minnt er síðan á verðmæti sem eru fyrir hendi í sjúkdómafríum sauðfjárræktarsvæðum á Vestfjörðum.

Fiskeldisstefna

Vestfjarðastofa lýsir ánægju með að í uppleggi að vinnu við fiskeldisstefnu er tekið á flestum þáttum sem þarf að bæta miðað við núverandi regluverk og stöðu. Af hálfu Vestfjarðastofu hefur mikil vinna verið lögð í að meta stöðu og móta framtíðarsýn fyrir fiskeldi á Vestfjörðum. Vestfjarðastofa lýsir áhuga á að fá tækifæri til að miðla þeim upplýsingum og koma að mótun fiskeldisstefnu.

Í upplegginu er rætt er um að fjölga störfum við rannsóknir og eftirlit og þar vill Vestfjarðastofa ítreka að mikilvægt að sérfræðistörf verði til á þeim stöðum sem fiskeldið er stundað. Bent er á að ekki er fjallað um mikilvægi þess að byggja upp þekkingu og möguleika til menntunar í fiskeldissamfélögunum.

Áhersla er lögð á að mikil þróun er bæði í land- og sjóeldi og mikilvægt að báðir þættir þessara mikilvægu nýju atvinnugreinar fái að þróast á sjálfbæran hátt.

Bent er á að inn í upplegg að stefnu vantar áherslu á ræktun sjávardýra og þörungagróðurs og nýtingu staðbundinna nytjastofna. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa hafa þegar sent umsagnir um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna til Umhverfis og samgönguefndar og Atvinnuveganefndar, sjá ályktanir meðfylgjandi.

Virðingarfyllst



Ályktun Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu

Alþingi Umhverfis og samgöngunefnd nefnasvid@altingi.is

Ísafirði 10. mars 2022

Umsögn; frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), mál 350, 152. löggjafarþing.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur fjallað um þetta mál á síðustu árum. Fyrst þegar ákvæðum um nýtingu sjávargróðurs og lögum um veiðigjald var breytt árið 2017 og síðan þegar drög að breytingum á lögum komu fram í Samráðsgátt 2020 (mál S172/2020). Fjórðungsþing Vestfirðinga hafa einnig ályktað um efni málsins en verður vikið að því síðar í þessari umsögn.

Þær breytingar sem lagðar eru til í 350. máli eru að mati stjórnar Fjórðungssambands til talsverðra bóta frá núverandi ákvæðum laga og í þeim drögum að frumvarpi sem lögð voru í Samráðsgátt. Andi laga um fiskveiðistjórnun miðast við stjórnun á nytjastofnun sjávardýra sem nýta grunnsævið, landgrunn og eða úthafið en ekki þar sem um ræðir nytjastofna sem eru lítt eða alfarið staðbundnir. Telja verður að ákvæðið um gerð nýtingaráætlunar fyrir nýtingu þangs lykilatríði sé til muna réttari nálgun í nýtingarstjórnun, það er verið að ná fram samspili vinnslu afurða, nýtingarrétt sjávarjarða og síðan markmið um sjálfbæra nýtingu.

Stjórn Fjórðungssambandsins telur því þetta mikilvægt skref með breytingu á ákvæðum laga um fiskveiðistjórnun, en kallar á um leið um viðtækari umfjöllun um samspil sjálfbærar nýtingu staðbundinna nytjastofna og byggðaþróun. Í ályktun 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga er fjallað um þessi mál. Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna

Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að stofna til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslu. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna (þang, þari, grásleppa) á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi. Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Í greinargerð með ályktunni segir síðan;

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verði sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar. Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfirðum sem nýta þessar



Vestfjarðastofa

auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúapróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðþróun um land allt. Forðast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur það því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.

Beint er til atvinnuveganefndar að fjalla um mikilvægi heildarumfjöllunar um nýtingu staðbundinna nytjastofna og byggðapróun við afgreiðslu máls 350. Í því sambandi er áhugaverð umræða sem Matvælaráðherra hefur nú hafið með kynningu á áherslum og verklagi við stefnumótun á sviði matvæla (mál í Samráðsgátt S49/2022). Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér rétt að veita umsögn um málið á seinni stigum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Ályktun Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu

Alþingi Atvinnuveganefnd nefndasvid@altingi.is

Ísafirði 10. mars 2022

Umsögn; frumvarp til laga frá matvælaráðherra, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja) 349. mál.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að efni frumvarpsins sé mikilvægt með vísan til stefnu stjórnvalda um sjálfbærni nytjastofna. Hér eru til umfjöllunar litlir veiðistofnar sem hafa að hluta verið í veiðistjórn en á undanförunum árum hefur veiði verið umfram ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar.

Á 151. löggjafarþingi var lagt fram sambærilegt frumvarp um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja), 419. mál. Breytingar á veiðistjórn grásleppu er ekki til umfjöllunar í þessu þingmáli 349. mál og fellur það að umsögn Fjórðungssambandsins frá síðasta ári um að gefa aukin tíma til víðtæks samráðs um stjórnun þessara nytjastofna.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur því tilefni vekja athygli atvinnuveganefndar Alþingis á ályktun 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing 2021, þar sem segir;

Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna

Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að stofna til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna (þang, þari, grásleppa) á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi. Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Í greinargerð með ályktunni segir síðan;

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verði sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar. Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfjörðum sem nýta þessar auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúabróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Byggðaaætlun um jákvæða byggðþróun um land allt. Forðast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur það

Því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.

Beint er til atvinnuveganefndar að skoða mikilvægi heildarumfjöllunar um þá nytjastofna sem hér eru til umfjöllunar, sandkola og sæbjúgu, þó hér sé lögð áhersla á grásleppu, þang og þara sem og fleiri smáa nytjastofna. Í því sambandi er áhugaverð umræða sem Matvælaráðherra hefur nú hafið með kynningu á áherslum og verklagi við stefnumótun á sviði matvæla (mál í Samráðsgátt S49/2022).

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér rétt að veita umsögn um málið á seinni stigum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri